

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Eftirlitsgjöld.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er heimilt að innheimta gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi í samræmi við flokkun fyrirtækja sem greint er frá í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt árlega að innheimta eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 4 000,00
2. flokkur	kr. 8 000,00
3. flokkur	kr. 15 000,00
4. flokkur	kr. 25 000,00

2. gr.

Leyfisgjöld.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 1. gr. skal innheimta leysisgjöld. Fyrir rekstrarleyfi skv. 31. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leysisgjald við afhendingu leyfisbréfs í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 500,00
2. flokkur	kr. 3 000,00
3. flokkur	kr. 4 500,00
4. flokkur	kr. 6 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf t gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð.

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlit gefur út skal innheimta kr. 500,00.

4. gr.

Innheimta.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits í umboði sveitarstjórna innheimtir leysisgjöld og gjöld fyrir vottorð. Skulu þessi gjöld renna í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

Þær sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Í slíkum tilfellum fer um gjalddaga í samræmi við fasteignagjöld.

5. gr.

Gjaldstaka.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurlands, sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984, staðfestist hér með samkv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. desember 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.